

9. Fundur stjórnar – 16. nóvember 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 20:00.

Auk formanns, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur (JFF) sátu fundinn: Dóra Magnúsdóttir (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Hallfríður Þórarinsdóttir (HP - fjarfundur), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ, varamaður) og Snorri Steinn Sigurðsson (SSS, fjarfundur). Halldór Kolbeins HK boðaði forföll.

1. Erindi frá 31 félagsmanni Leiðsagnar vegna beiðni um félagsfund þ. 24. nóvember nk.

Erindi frá félagsmönnum barst í tölvuskeyti til stjórnar frá Hörpu Björnsdóttur þ. 10. nóvember sl. Á undirskriftalista stendur:

„Komin er upp grafalvalverleg staða í Leiðsögn - Félagi leiðsögumanna. Málefni stjórnar eru í algerrri upplausn og búið að segja starfsmanni Leiðsagnar til margra ára upp svo skrifstofa félagsins er óstarfhæf. Við undirrituð krefjumst þess að boðað verði hið fyrsta til félagsfundar til að ræða málefni félagsins sem virðast komin í óefni, og einnig er þess krafist að boðað verði til auka-aðalfundar hið fyrsta.“

Í lok texta er vitnað í 19. gr. félagsins um félagsfundi.

Formaður félagsins, JFF sagði að stjórn Leiðsagnar muni vitaskuld verða við þeirri beiðni í samræmi við lög félagsins, enda séu skilyrði sem löggin setja uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf viss fjöldi félagsmanna að óska eftir félagsfundi skriflega við stjórn félagsins. Það skilyrði er uppfyllt í tölvuskeyti Hörpu Björnsdóttur sem hún sendi stjórn þ. 10. nóvember sl.

Í öðru lagi nefndi hún að í beiðni um félagsfund þurfi að tilgreina fundarefnið. Málefni sem tilgreind eru í undirskriftalista eru byggð á staðhæfingum líkt og „*málefni stjórnar eru í algerrri upplausn, búið er að segja starfsmanni [...] upp svo skrifstofa félagsins er óstarfhæf*“ eru ekki studd staðreyndum eða málefnalegum rökum. Af því leiðir að ekki er hægt að leggja mat á hvort erindið sé tækt sem fundarefni á félagsfundi.

JFF benti á að stjórn sé starfhæf og vinnur ótrauð að málefnum félagsins. Haldinn var trúnaðarráðsfundur 6. nóvember sl. og hér situr stjórn á fundi. Skrifstofa Leiðsagnar starfar jafnframt með venjubundnum hætti og hefur formaður, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, sinnt öllu skrifstofuhaldi frá því að tilkynning barst um veikindaleyfi starfsmanns fram að starfslokum. Skrifstofa félagsins greiðir úr öllum málum sem þangað berast og verður svo þar til nýr starfsmaður hefur verið ráðinn.

JFF sagði að málefni einstakra félagsmanna, fulltrúa í stjórn, nefndum og ráðum hvað þá starfsmanna séu ekki til þess fallin að ræða á opnum fundi, enda er oft um að ræða viðkvæm persónuleg mál, sem bundin eru trúnaði og persónuvernd. Slík mál verða einungis leyst með hjálp óhlutdrægs fagaðila.

SSS, HP og SAÁ sögðu svo ekki vera og töldu að allan ágreining ætti að ræða á félagsfundi.

Umræður um málið.

Afgreiðsla 1: Stjórn Leiðsagnar lítur svo á að framkomið erindi um félagsfund sé ekki tækt til umræðu á félagsfundi, sbr. 19. gr. laga félagsins. Beiðnin byggir á röngum upplýsingum um að stjórn og skrifstofa séu óstarfhæf. Formanni er falið að senda póst til þeirra félaga sem undirrituðu beiðni um félagsfund og óska eftir skýrari efnistöku á félagsfundi. Stjórn er að sjálfsgöðu reiðubúin til að taka þá niðurstöðu til endurskoðunar berist henni málefnaleg greinargerð um dagskrá fundarins. Samþykkt með þremur atkvæðum. Tveir sátu hjá.

Afgreiðsla 2: Stjórn samþykkir að ASÍ tilnefni hlutlausan fagaðila til að fara yfir þær ávirðingar sem bornar hafa verið á formann Leiðsagnar af minnihluta stjórnar í fjórum liðum í bókun 30. október sl. Samþykki trúnaðarráðsfundar, 6. nóv sl. ályktaði hið sama og vísaði málinu til stjórnar sem tekur endanlega ákvörðun. Óskað er eftir að niðurstöður liggi fyrir við fyrstu hentugleika. Samþykkt einróma.

2. Málefni skrifstofu.

Auglýst hefur verið eftir starfsmanni skrifstofu/kjarafulltrúa en umsóknarfrestur er til 20. nóvember nk. Fyrrum starfsmaður tilkynnti veikindi í tölvupósti þ. 16. október sl. og hefur formaður/framkvæmdastjóri sinnt öllu skrifstofuhaldi síðan þá. Auk þess að sinna erindum félagsmanna, gagnavinnslu fyrir fund sjúkrasjóðs o.m.fl. hafa kjarabrotamálin verið í algjörum hjá formanni á skrifstofu Leiðsagnar.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að formaður/framkvæmdastjóri fái greidd 75% laun (sömu og fráfarandi skrifstofustjóri) frá þeim tíma sem starfsmaður skrifstofu fór í veikindaleyfi þar til búið er að ráða starfsmann og setja hann/hana inn í starfið. Þrír samþykkja, tveir sitja hjá.

3. Önnur mál

- a. **Trúnaðarmál. Afgreiðsla bókuð og vistuð í trúnaðarmöppu.**
- b. **Fundur formanns með Arctic Adventure vegna kjarabrotamála.**

Formaður greindi frá fundi sem haldinn var í síðustu viku, en auk hennar sat Halldór Kolbeins fundinn f.h. Leiðsagnar. Forstjóri, lögfræðingur, mannauðsstjóri og vaktstjóri fyrirtækisins sátu þennan fund. Sagði formaður að hún hafi greint sáttavilja með lausn mála og eru viðræður þegar hafnar með sátt að leiðarljósi.

c. Kjaramál

Stjórn og trúnaðarráð hefur þegar ákveðið að slá saman kjara- og viðræðunefnd og að nefndin kallist viðræðunefnd. Formaður félagsins veitir nefndinni formennsku og mun blása til fundar við fyrstu hentugleika í næstu viku.

Tvær bókanir lagðar fram af minnihluta stjórnar á fundi stjórnar Leiðsagnar 16. nóvember 2023 undir þessum lið.

1. Undirritaðir meðlimir í stjórn og varastjórn Leiðsagnar leggja fram eftirfarandi bókun:

„Skorað er á formann að boða til fundar í viðræðunefnd tafarlaust og að nefndinni verði jafnframt falið að velja sér verkstjóra úr sínum hópi“

Halldór Kolbeins (fjarstaddur)
Snorri Steinn Sigurðsson
Jóhanna Magnúsdóttir (fjarstödd)
Sigurður Albert Ármannsson
Hallfríður Þórarinsdóttir

Aðalmenn í stjórn, Dóra Magnúsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir og Jóna Fanney Friðriksdóttir leggja fram eftirfarandi gagnbókun á fundinum:

„Kjaranefnd sameinaðist viðræðunefnd á árinu og því einungis ein nefnd sem stendur að vinnu kjarasamninga nú. Hvorki minnihluti stjórnar eða varamenn ákveða verkstjórn einstakra nefnda- eða viðræðunefndar. Sbr. 17. gr. laga Leiðsagnar er formaður Leiðsagnar jafnframt formaður trúnaðarráðs sem er samninganefnd félagsins.“

2. Bókun lögð fram á fundi stjórnar Leiðsagnar 16. nóvember 2023:

Undirritaðir meðlimir í stjórn og varastjórn leggja fram eftirfarandi bókun

„Þess er krafist að stjórn boði til aukaaðalfundar Leiðsagnar sem lofað hafði verið að halda í september sl. Fundurinn verði haldinn eigi síðar en 7. desember nk.“

Halldór Kolbeins (fjarstaddur)

Snorri Steinn Sigurðsson

Jóhanna Magnúsdóttir (fjarstödd)

Sigurður Albert Ármannsson

Hallfríður Þórarinsdóttir

Aðalmenn í stjórn: Dóra Magnúsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir og Jóna Fanney Friðriksdóttir leggja fram eftirfarandi gagnbókun:

„Hvað bókun á aðalfundi 3. maí sl. varðar um að halda framhaldsaðalfund í tengslum við lagabreytingar skal bent á að á slíkum framhaldsaðalfundi er einungis unnt að ræða þau mál sem ákveðin voru á aðalfundinum þ.e. fyrirhugaðar lagabreytingar. Önnur aðalfundarmálefni hlutu fullnaðarafgreiðslu á fundinum og verður ekki breytt á framhaldsaðalfundi. Vinnu að hugsanlegum lagabreytingum er ekki lokið en eru þegar komin í vinnslu. Formaður hefur hins vegar sett verkferla og vinnslu kjarabrotamála í algjöran forgang hjá félaginu, enda er úrvinnsla grafalvarlegra launaþjófnaðarmála á tugum félagsmanna okkar mikilvægari en lagabreytingar eins og á stendur. Fyrning kjarabrota á félagsmönnum bíður ekki og það er óviðunandi fyrir stéttarfélag að hin brotlegu fyrirtæki beri nú fyrir sig tómlæti félagsins sl. ár gagnvart launaþjófnaði á félagsmönnum og að þannig komist þeir atvinnurekendur undan því að greiða félagsmönnum okkar þau lágmarkslaun sem kjarasamningar kveða á um.“

GME óskaði eftir að leggja fram bókun vegna umræðu á fundinum um meint einelti sem hluta af ágreiningi innan félagsins. Bókunin er skráð í trúnaðarmöppu félagsins.

Fundi slitið kl.21.30

Fundarritun: DM